

Yfirlýsing stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna lokaútgáfu skýrslu KPMG um stofnunina í september 2015.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga telur að skýrsluhöfundar hafi ekki gefið gaum að kostum þess að stofnunin haldi áfram störfum sem sjálfstæð stjórnsýslueining, með endurskoðuðum lögum og reglugerð. Sá kostur fékk ekki umfjöllun í skýrslunni, jafnvel þó að fjárhagsleg og fagleg rök mæli með því, hvort heldur sem starfsemin verði í framtíðinni undir forsjá sveitarfélaganna svo sem verið hefur, eða færist á forsjá ríkisins.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga vill ítreka fyrri aðfinnslu sína um að skýrsluhöfundar hafi ekki tekið tillit til veigamikilla ábendinga og athugasemda sem settar voru fram af forstjóra stofnunarinnar við skýrslugerðarmenn á fyrri stigum. Varðar það samanburð á innheimtuárangri, umfjöllun um rekstur og rekturskostnað og niðurstöður um tölvumál og öryggisþætti í tölvumálum stofnunarinnar.

Þannig gefa skýrsluhöfundar sér að innheimtuárangur stofnunarinnar sé slakur, án þess að bera árangur stofnunarinnar saman við sambærilegar stofnanir á Norðurlöndum. Þá er fullyrt, án nokkurs rökstuðnings, að hægt sé að spara allt að 630 mkr. með því að úthýsa innheimtunni. Sú niðurstaða á sér hvorki málefnaleg eða fjárhagsleg rök, auk þess sem ekki er gert ráð fyrir nokkrum kostnaði við innheimtu.

Í skýrslunni er ekki gert ráð fyrir að verulegar breytingar á skipulagi stofnunarinnar muni hafa áhrif á starfsemina sjálfa. Gera má ráð fyrir því að með óbreyttri starfsemi haldist innheimtuhlutfall í 78%. Skýrslan gerir hinsvegar ráð fyrir, að öllu öðru óbreyttu, muni innheimtan aukast í 85% við það eitt að fella stofnunina undir Tryggingastofnun ríkisins. Hvergi er vikið að þeim möguleika að röskun á starfseminni eða brotthvarf lykilstarfsmanna geti haft áhrif á innheimtuna, eða hvaða faglegar og fjárhagslegar afleiðingar það geti haft. Auk þess ber skýrslan með sér, að jafnvel þó höfundar hennar hafi haft rúman tíma og aðstöðu til að kynna sér starfsemi Innheimtustofnunar og fengið aðgang að öllum þeim gögnum sem óskað var eftir, þá gætir í umfjöllun hennar og niðurstöðum vanþekkingar á sérstöðu þeirrar innheimtu sem innheimta meðlaga óneitanlega er, samkvæmt þeim lögum og reglum sem um hana gilda.

Þannig verður að harma það að skýrslan komi út með rangfærslum, sem áður hefur verið bent á, svo sem tölfræði um innheimtuhlutfall, kostnaðartölur og villandi samanburð við aðra innheimtuaðila. Þá er í niðurstöðum endurtekin sú firra að stofnunin sé rekin á kostnað innheimtra dráttarvaxta, en öllum er í lófa lagið að skoða 4. grein laga um stofnunina, til að skýra það mál. Þá er í skýrslunni ranglega talinn kostnaður við tölvukerfi stofnunarinnar og því haldið fram að einungis einn maður þjónusti það. Skýrsluhöfundar hafa upplýsingar um annað.

Það er því ljóst að umrædd skýrsla gefur ekki fyllilega rétta mynd af rekstri stofnunarinnar eða þeim leiðum sem færar eru til að tryggja árangur í innheimta meðlaga í framtíðinni. Von okkar er að umrædd skýrsla verði skoðuð með ofangreindar upplýsingar í huga.

Reykjavík 15. september 2015.

Sigurður Pétursson, formaður stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga

Adolf H. Berndsen, varaformaður stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga